

**Sp.**

**146. Fyrirspurnir.**

**[88. mál]**

I. Til ríkisstjórnarinnar um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Kristínu Sigurðardóttur.

Hvað liður undirbúningi að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma þingsályktun þá, sem samþykkt var á síðasta þingi, um undirbúning að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum, sbr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 29/1947?

III. Til ríkisstjórnarinnar um launalög og löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hyggst ríkisstjórnin að leggja fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp til nýrra launalaga, og frumvarp til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?